

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

10. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 109/1985, breytist með svofelldum hætti:

1. og 2. másl. 1. gr. laganna orðist svo:

Greidda skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1987 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

IV. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 110 31. desember 1985, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., með áorðnum breytingum.

11. gr.

Úr 1. gr. laganna falli brott „31. desember 1986“ en í staðinn komi: 31. desember 1987.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði I. kafla koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1987.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Porsteinn Pálsson.

LÖG

um stöðvun verkfalls flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm sem ákveði fyrir 15. september 1986 kaup og kjör flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf. Ákvörðun gerðardómsins skal ná til sérkjarasamninga vegna verkefna erlendis.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamninga aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar sem samið hefur verið um frá því að þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem atlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

5. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómnefnda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25

22. apríl 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Nú fær skip eða loftfar Landhelgisgæslunnar laun fyrir björgun verðmæta og fer þá um